

## AÐALFUNDUR RAFBÍLASAMBAND ÍSLANDS

Haldinn að Ármúla 6, Reykjavík, hinn 15. mars 2018.

Fundurinn hófst kl. 17.15.

Mættir: Jóhann G. Ólafsson, Baldur Örn Óskarsson, Stefán Sverrisson og Gísli Gíslason.

Fundarstjóri var kosinn Gísli Gíslason. Fundurinn var boðaður með löglegum hætti.

Gengið var til dagskrár aðalfundar skv. lögum félagsins.

1. Gísli Gíslason upplýsti um starfsemi félagsins, sem hefur verið lítil síðustu ár.
2. Engin útgjöld hafa verið hjá félaginu og því engir reikningar til að fara yfir.
3. Gengið var til formannskosninga og var Jóhann G. Ólafsson kosinn formaður með öllum greiddum atkvæðum.
4. Því næst var gengið til kosningar annarra stjórnarmanna. Voru Baldur Örn Óskarsson og Stefán Sverrisson kostnir sem meðstjórnendur. Kosningu varamanna frestað.
5. Jóhann G. Ólafsson lagði fram tillögur að breytingu á nokkrum greinum í lögum félagsins. Tillögurnar fylgja með fundargerð þessari og voru þær lagðar fram til samþykkis eða synjunar. Breytingarnar voru samþykktar samhljóða og var nýum formanni falið að gefa út lög félagsins með framangreindum breytingum.
6. Ákveðið var af viðstöddum stjórnarmönnum að félagjald vegna ársins 2018 yrði kr. 4.000 fyrir einstaklinga og kr. 10.000 fyrir lögaðila.

Eftir nokkrar umræður var fundi slitið.